



Stillumynd



Stillumynd (e. stop motion)

Tímalengd	60 mínútur allt upp í nokkrar vikur eða heila önn
Markhópur	Nemendur frá 8 ára aldri
Tenging við námskrá	Verkefnið getur tengst ýmsum námsgreinum, til dæmis samfélagsgreinum, náttúrugreinum, vísindum, list- og verkgreinum og sjálfbærnimarkmiðum
Aðrar upplýsingar	Útfærsla á verkefninu getur verið mjög sveigjanleg en afurðin er stutt stillumynd



Um verkefnið

Verkefnið gengur út á að gera stillumynd í tengslum við þema sem tengist sjálfbærni. Það gæti verið um loftslagsbreytingar, fátækt, matarsóun, neyslu, úrgang o.s.frv. Eina nauðsynlega tækið er venjulegur snjallsími og einhvers konar þrífótur eða standur og hugbúnaður til að raða myndunum á tímalínu. Verkefnið tengir saman frásögn og áþreifanlegt ferli sem felst í því að útbúa bakgrunn, móta umhverfið og velja efniviðinn fyrir sem endar með upptöku og klippingu á lokaafurð.

Tenging við sjálfbærni

Þema stillumyndarinnar getur tengst sjálfbærni til dæmis varðandi söguþráð, efnisnotkun og umgjörð. Útgangspunktur gæti verið að spyrja nemendur um hvað í tengslum við sjálfbærni þeir vilja vinna að. Ef verkefnið er hluti af annarri bekkjarvinnu gæti það tengst einhverju sem nemendur hafa þegar verið að vinna að (tinkering verkefnið gæti þannig orðið hluti af öðru verkefni). Ef leiðbeinandinn er að hitta nemendurna í fyrsta skipti, opnar hann á samtal um sjálfbærni – eða einhvern þátt sjálfbærni eins og loftslagsbreytingar eða matarsóun – og safnar mismunandi hugmyndum nemenda eða spurningum (á töflu, á blað eða post-it miðar á vegg).



Öryggismál

Hætta	Ráðleggingar
Engin sérstök áhætta fylgir verkefnum	Alltaf gott að hafa sjúkrakassa í stofunni

Nauðsynlegur efniúður

Hlutir	Athugasemdir	Alls
Pappírskarton (A3)	Einfaldasta leiðin til að gera umgjörð fyrir kvikmyndina er að teikna og lita hæfilega stóran pappír. Einnig er hægt að nota pappa til að búa til grænan skjá sem hægt er að breyta að vild, til dæmis með myndum sem sýna áhrif loftslagsbreytinga	Að minnsta kosti eitt stórt karton fyrir hvern hóp með 3-5 nemendum
Litir (vaxlitir, trélitir, tússlitir, málning o.s.frv.)	Til að mála bakgrunninn, búa til hreyfanlega hluti fyrir kvikmyndina og skreyta	Fjölbreytt efni, sumt fyrir nákvæmar teikningar og annað fyrir stærri fleti. Nægilega mikið fyrir alla.
Tau efnisbútar	Fyrir bakgrunn myndarinnar	
Tímarit, dagblöð, sölubæklingar o.s.frv.	Til að klippa út hluti fyrir söguna eða sögusviðið	fjölbreytt efni með mismunandi myndum, stílum o.s.frv..
Pappakassar	Gæti verið tilvalið til að skapa umgjörð fyrir myndina	Einn kassi fyrir hvern hóp
Pappa massi eða leir	Fyrir þá sem vilja búa til þrívíddarfigúrur eða útstillingar fyrir kvikmyndina – gæti verið langtímaverkefni	
Lego, Playmobil, leikfangafígúrir og önnur leikföng	Ef nemendur ætla að nota þrívíddarfigúrur, þá getur verið gott að notast við algeng leikföng sem væri hægt að koma með að heiman	
Náttúrulegur efniviður, blóm, gras, steinar, skeljar, trjágreinar, laufblöð, könglar og svo framvegis	Fyrir þrívídd getur verið gott að tækifæri að kanna umhverfi skólans og sjá hvað hægt er að nýta það til að skapa umgjörð fyrir myndina	
Ýmis verðlaus efniviður - ílát, plastumbúðir, box o.s.frv.	Til að bæta við umgjörðina og gera fjölbreytt efni aðgengilegt fyrir sögusviðið	



Tengiefni: teygjur, garn, lím, límband bréfastemmur, þvottastemmur og vír	Til að tengja hluti saman til dæmis fyrir umgjörðina eða til að búa til hreyfingu fyrir sögupersónur	Fjölbreytt úrval
--	--	------------------

Nauðsynleg verkfæri

Hlutir	Athugasemdir	Alls
Snjallsími eða spjalddölva	Nauðsynlegt til að taka upp myndina	Einn fyrir hvern 3-5 manna hóp
Þrífótur eða einhvers konar standur	Nauðsynlegt til að halda myndavélinni stöðugri og á sama stað í hverri senu	Einn fyrir hvern 3-5 manna hóp
Skæri, töng, hamar, skrúfjárn og fleiri verkfæri sem gætu nýst við vinnuna	Ýmis verkfæri til að festa hluti saman, skapa umgjörð og búa til persónur fyrir myndina	Skæri fyrir alla og verkfærakassi með ýmsum aðgengilegum verkfærum

Listi yfir efnivið og verkfæri er alls ekki tæmandi en mikilvægt er að vera með fjölbreyttan efnivið í boði. Aðlagið listann að því verkefni sem nemendur eru að vinna hverju sinni.

Undirbúningur

Í kennslustofunni, eða rýminu þarf að vera sérstök vinnuástaða fyrir hvern hóp þar sem þeir geta bæði útbúið efni fyrir myndina og tekið upp stillmyndina. Ef myndin er með tali verður að vera næðisrými þar sem hljóðupptökur geta farið fram. Efniviður eins og pappír og litir ættu að vera aðgengileg öllum hópum og dreift um rýmið á borðum. Fyrir upptökuna verður að vera stöðug og góð lýsing.

Hópurinn fær tíma til að kanna þann efnivið sem boðið er uppá að nota fyrir stillumyndaagerðina.

Prófaður tæknina svo þú áttir þig á því hvernig myndatakan, hugbúnaðurinn og stillumyndagerðin virkar.



Framkvæmd verkefni

Kynning

Leiðbeinandinn segir nemendum að þeir muni vinna í hópum (3 til 5 í hóp) að gerð stillumyndar. Ef til vill vita nemendur ekki hvað stillumynd er svo mikilvægt er að kynna það fyrir þeim. Ef leiðbeinanda finnst að nemendur þurfi að sjá dæmi um slíka mynd væri best að sýna þeim nokkra stutta búta sem sýna mismunandi leiðir til að gera slíka mynd svo að nemendur átti sig á að það eru margar útfærslur í boði og engin ein rétt leið.

Nemendur eru spurðir hvaða þátt sjálfbærni þeir vilja vinna að. Ef verkefnið er hluti af áframhaldandi bekkjarvinnu gæti það tengst einhverju sem nemendur hafa þegar verið að gera (tinkering verkefnið gæti þannig orðið hluti af öðru verkefni t.d. jafnvæggiskúlptúrnum)

Ef leiðbeinandinn er að hitta nemendur í fyrsta skipti, opnar hann á samtal um sjálfbærni – eða einhvern þátt sjálfbærni eins og loftslagsbreytingar eða matarsóun – og safnar mismunandi hugmyndum nemenda eða spurningum (á töflu, á blað eða post-it miðar á vegg).

Leiðbeinandinn kynnir nokkur grunnskref í ferlinu, svo sem:

1. að ákveða þema
2. að gera frásögn fyrir myndina
3. að ákveða hvernig eigi að búa til umgjörð og „persónur“ myndarinnar
4. myndatöku
5. klippingu á myndinni

Framkvæmd

Hvetjið nemendur til að huga að mismunandi stigum í ferlinu og kannið hvort þeir vilji ljúka einum áfanga áður en farið er yfir í þann næsta. Þannig getur verkefni leiðbeinanda verið aðstoða hvern hóp við að klára hvert stig í ferlinu eins og til dæmis söguþráðinn og styðja nemendur við að komast að niðurstöðu um hvaða málefni mynd þeirra muni fjalla um.

Þegar nemendur eru tilbúnir að hefja tölur þurfa leiðbeinendur ef til vill að aðstoða varðandi tæknilega atriði, eins og að ákveða hversu margar myndir þarf að taka (myndaramma á mínútu) og hversu löng myndin verður. Þetta hjálpar nemendum við að reikna út eða áætla hversu mikið þarf að hreyfa þá hluti til sem eiga að hreyfast í myndinni frá einum ramma til næsta.

Myndir eða ramar á sekúndu	Fjöldi mynda í stillumynd
15	450 for 30 sekúndna mynd
12	360 for 30 sekúndna mynd
10	300 for 30 sekúndna mynd

Í sínum og spjaldtölvum er hægt að nálgast nokkur forrit til að búa til stillumynd, til dæmis Stop Motion Studio forritið. Leitið að “stop motion” í forrita verslun snjalltækis og sjáið hvaða möguleikar koma upp. Bæði er mögulegt að taka ljósmyndir beint inn í forritinu eða það er hægt að flytja þær inn í forritið úr annarri möppu í símanum.



Áður en nemendur byrja myndatökuna ráðleggðu þeim að gera stutta profumynd til að sjá hvernig allt virkar. Þetta mun gefa þeim tilfinningu fyrir því hversu marga ramma þeir þurfa, þ.e. hversu miklar breytingar þarf að gera á myndefninu frá einum ramma til næsta.

Hlutverk leiðbeinanda er að styðja nemendur í verkefnavinnunni og fylgjast með framvindu og ferli hvers hóps fyrir sig. Þeir gæta þess að fara um svæðið, fylgjast vel með og veita endurgjöf, aðstoð og stuðning.

Hér eru nokkur ráð fyrir leiðbeinendum til að styðja við nemendur:

- **Settu fram spurningar í stað svara:** hvernig gætir þú hugsað þér að hafa bakgrunninn? Er myndavélin nógu vel staðsett?
- **Búðu til styðjandi og hvetjandi umhverfi:** Mér líkar vel við hvernig þú notar efniviðinn sem þú valdir.
- **Reyndu að aðstoða þátttakendur sem upplifa gremju á jákvæðan og uppbyggjandi máta:** af hverju heldurðu að þetta virki ekki fyrir þig?
- **Reyndu að hvetja þátttakendur til að nýta eigin áhugahvöt:** ekki hafa áhyggjur af öðrum, mundu hvað það er sem þú vildir koma á framfæri.
- **Gott er að hvetja til samvinnu:** kannski getur þú spurt næsta hóp hvernig þetta virkaði fyrir þá. Sérðu eitthvað sem þú myndir vilja fá lánað frá hinum hópnum?
- **Hugaðu að tímanum:** minntu nemendur á hvað tímanum líður, t.d. þegar það eru 20 mínútur eftir.
- **Losaðu um hnútinn:** Ef nemendur virðast vera fastir, prófaðu að spyrja þá út í söguþráðinn. Hvað eru þeir að reyna að segja? Hver eru aðal skilaboðin? Það gæti líka hjálpað að skrifa þau niður eða teikna mynd.


Mundu að taka ljósmyndir af nemendum að vinna, af verkefnaferlinu.

Lok verkefnis

Þegar klukkutími er liðinn hjálpast allir til við að þrifa í kringum sig áður en hver hópur segir frá myndunum sínum. Hafðu þessar spurningar í huga í tengslum við frásagnir nemenda:

- Hvernig ákvað hópurinn um hvað myndin ætti að fjalla?
- Hvað eruð þið ánægðust með varðandi þetta verkefni?
- Hvað var erfitt og hvers vegna var það erfitt?
- Hvaða sjálfbærni markmið endurspeglar myndin ykkar?
- Og mikilvægasta spurningin – fannst ykkur gaman að vinna verkefnið?

Ef mögulegt er væri gaman að hafa stillumyndir hópanna aðgengilegar á vef eða heimasíðu til að sýna öðrum og skoða saman. Hugaðu að því hvernig hægt er að og ganga frá eftir verkefnavinnuna á sjálfbæran máta.



Viðauki



Að skipuleggja söguna

Þegar verið er að skipuleggja sögu fyrir stillumynd er gott að huga sérstaklega að nokkrum þáttum

Stillumynd þarf	Hvað þarf að búa til eða hafa við hendina (efniviður)
Umgjörð - hvar gerist myndin, hvernig er bakgrunnurinn	
Persónur - hverjar eru aðal persónur myndarinnar	
Leikmuni	

Tenglar - ítarefni:

Til eru ýmsar vefsíður með leiðbeiningar varðandi stillumyndagerð og útskýrt hvernig hægt er að nýta sér aðferðina í tengslum við fjölbreytt verkefni og málefni:

Exploratorium: <https://www.exploratorium.edu/tinkering/projects/stop-motion-animation-explorations>

[Getting Started with Stop Motion Studio | Exploratorium](#)

Icelandic webpage: <https://veita.listfyrialla.is/title/stopmotion/>

Tinkerlab: <https://tinkerlab.com/easy-stop-motion-animation-kids/>

Learning by inquiry: [Easy and Creative Stop-Motion Animation Project for Kids - Learning by Inquiry](#)

Dæmi um flóknari stillumyndir:

Eldhús eftir máli: <https://www.instagram.com/stillakynnir/> - [2tilla \(vimeo.com\)](https://vimeo.com/2tilla)

Plastmentun í hafi: [THE FISH by PES // Corona x Parley - YouTube](#)

Dæmi um stillumynda forrit:

Stop motion studio (Android, iPhone, iPad)

IMotion (iphone, ipad)



© Tink@school 2024

Þessi útgáfa er afurð Tink@school (2022-1-IS01-KA220-SCH-000087083), sem var fjármögguð með stuðningi Erasmus+ menntaáætlunar Evrópusambandsins. Útgáfan endurspeglar eingöngu skoðanir höfunda og framkvæmdarstjórn getur ekki borið ábyrgð á notkun upplýsinga sem þar er að finna.

Umsjón verkefnis

Háskóli Íslands, Ísland



Samstarfsaðilar

Bartolomeo associazione culturale, Ítalía

CRES Centro di Ricerche e Studi Europei - future business, Ítalía

NEMO Science Museum, Holland

MIO-ECSDE, Grikkland

bARTolomeo



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

